

Alþingi
Erindi nr. P 132/1185
komudagur 7.3. 2006

Samgöngunefnd Alþingis (pskj.432-376.mál.)

Kjölbátasamband Íslands og Siglingafélag Reykjavíkur ,Brokey gera eftifarandi athugasemdir við frumvarpið .

Ekki verður séð að nauðsynlegt sé að hafa jafn strangar reglur um áfengismagn í blóði þeirra sem stjórna skemmtibátum og þeirra sem hafa atvinnu af siglingum enda gilda aðrar reglur um um réttindi manna til að stjórna og starfa um borð í skipum eftir stærð skipa.Í Noregi er miðað við hærri mörk .

Ákvæði frumvarpsins um að skipverji “ reyni að stjórna skipi “ er eigendum skemmtibáta mikill byrnir í augum og krefjast þess að orðalag þetta verði tekið út úr frumvarpinu . Skemmtibátar eru notaðir eins og sumarbústaðir þegar þeir eru bundnir við bryggju og þess vegna oft nauðsynlegt að gangsetja vélina til þess að hlaða rafgeyma skipsins og til þess að hafa hita um borð .

Það væri algerlega óviðunandi að fá sekt og jafnvel réttidasviptingu og fangelsisvist allt að tveimur árum fyrir að gangsetja vél við slíkar aðstæður.

Ákvæði frumvarpsins um skilgreiningu á skipi sem “sérhvert fljótandi far , óháð lengd eða knúningmáta “ getur ekki staðist , og á alls ekki heima í siglingalögum .Orðalag þetta er mjög ónákvæmt og ættu reglurnar einungis að taka til skráningarskyldra báta .

Reykjavík 13.febrúar 2006

Virðingarfyllt

Fh. Kjölbátasambands Íslands og Siglingafélags Reykjavíkur ,Brokey

Kristján S. Sigurgeirsson